



## REGLUGERÐ UM MENNINGARSJÓÐ REYKJANESBÆJAR

### 1. grein.

Sjóðurinn heitir Menningarsjóður og er í umsjón Menningar- og þjónusturáðs Reykjanesbæjar.

### 2. grein

Markmið sjóðsins er að styðja með fjárframlögum við fjölbreytt menningarstarf í Reykjanesbæ í samræmi við menningarstefnu Reykjanesbæjar hvort sem er á vegum lögráða einstaklinga og/eða félagasamtaka.

### 3. grein

Auglýst skal eftir umsóknum og styrkjum úthlutað að lágmarki einu sinni á ári. Miðað skal við öllu fjármagni sjóðsins sé úthlutað. Styrkumsóknir skulu auglýstar í byrjun árs og skulu svör liggja fyrir ekki síðar en í mars. Heimilt er að auglýsa eftir umsóknum oftari yfir árið ef ástæða þykir til. Umsóknum er skilað rafrænt í gegnum Mitt Reykjanes.

- Menningarsjóður styrkir:
  - Menningartengd verkefni sem auðga menningarlíf Reykjanesbæjar
  - Verkefni sem hafa skýr markmið, tímasetningu og fjárhagsáætlun
  - Verkefni sem samræmast Menningarstefnu Reykjanesbæjar
- Menningarsjóður styrkir ekki:
  - Verkefni tengd námi
  - Ferðakostnað
  - Kaup á tækjabúnaði
  - Verkefni sem koma ekki til framkvæmda í Reykjanesbæ eða hafa ekki tengingu við bæinn.
  - Verkefni sem samræmast ekki stefnu Reykjanesbæjar

### 3. grein

Fjárframlag til sjóðsins er samkvæmt fjárhagsáætlun Reykjanesbæjar ár hvert auk þess sem sjóðurinn tekur við frjálsum framlögum sem ætluð eru til menningarmála í Reykjanesbæ.

### 4. grein

Menningar- og þjónusturáð, að höfðu samráði við menningarfulltrúa, afgreiðir umsóknir um alla styrki til menningarmála fyrir hönd bæjarstjórnar.

### 5. grein

Menningar og þjónusturáð getur í samráði við menningarfulltrúa haft frumkvæði að styrkveitingum og/eða viðurkenningum til félaga, fyrirtækja eða einstaklinga ef það er álit



þeirra að viðkomandi hafi stuðlað með einum eða öðrum hætti að framgangi menningar í Reykjanesbæ.

#### 6. grein

Markmið verkefna og áætlanir um framkvæmd þeirra skulu vera skýr og raunhæf hvað varðar kostnað, tímasetningar, árangur sem stefnt er að og kröfur til ábyrgðarmanna. Listrænt, menningarlegt og/eða fræðilegt gildi verkefnisins þarf að vera ljóst. Sýnt skal fram á að styrkurinn sé líklegur til að efla menningarstarfsemi í Reykjanesbæ. Styrkurinn afhendist að verkefni loknu gegn framvísun reiknings og skýrslu um framvindu verkefnisins. Verkefnið skal unnið á því fjárhagsári sem úthlutað er, annars fellur styrkurinn niður. Umsækjendur skulu sýna fram á að minnsta kosti 50% mótframlag á móti styrkjum sjóðsins. Gera þarf grein fyrir því hvers eðlis mótframlagið er.

Endurskoðuð og samþykkt í Menningar-og atvinnuráði Reykjanesbæjar 16. 03. 2022

Uppfært 17.01. 2024.